

Annar fundur vetrar.

Skólaráðsfundur 22.nóvember 2011 haldinn á Kleppjárnsreykjum

Mættir: Þorsteinn Bjarki Pétursson varamaður fyrir Sigrúnu Rós Helgadóttur, Hanna Þógrímsdóttir, Kristín Kristjánsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir, Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir.

Fjóla Benediktsdóttir og Narfi Jónsson mættu ekki.

Veikir. Snæbjörn Reynisson, Jóhanna Þorvaldsdóttir, Lilja Rannveig og Sigrún Rós

1. Starfsáætlun 2011-2012 kynnt.

Fulltrúar skólaráðsins höfðu kynnt sér áætlunina fyrir fundinn. Umræður urðu um hana. Þórhildur Ýr lýsti ánægju með að í henni væri áætlun um sí- og endurmenntun starfsmanna þar sem sýnilegt væri að starfsmenn skólans væru að bæta við þekkingu sína sem miðaði að stefnu skólans.

2. Ný reglugerð kynnt fyrir skólaráði.

Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum sem tók gildi frá og með 21.okt. 2011.

Ingibjörg Inga fór yfir markmið og hvatti fulltrúa til að kynna sér vel það sem í henni fælist.

Fulltrúi nemenda Bjarki Pétursson hvatti til þess að reglugerðin yrði kynnt nemendum.

Fulltrúi kennara upplýsti að umsjónarkennarar ætluðu að senda slóðina að reglugerðinni til foreldra. Fulltrúum leist vel á þá hugmynd og finnst mikilvægt að allir séu vel meðvitaðir um skyldur sínar.

3. Skólastarfið.

Ingibjörg Inga gerði grein fyrir því hvernig skólastarfið gengi. Almennt gengur vel, heilmikið hefur verið um að vera hjá nemendum. Nýafstaðin er smiðjuhelgi þar sem yfir 70 nemendur voru saman komnir á Varmalandi. Þar voru 6 smiðjur í boði sem nemendur gátu valið um.

Nemendum var boðið á „Hvað ef“ forvarnasýningu í Þjóðleikhúsinu af Borgarbyggð og Íslandsbanka.

Kaffihúsakvöld hafa verið í boði nemenda í K og V deild þar sem leiklist- var í forgrunni ásamt sýningu á ýmsu er tengdist valgreinum í mynd-og handmennt.

Foreldrar hafa verið að koma að starfi skólans með ýmsum skemmtilegum uppákomum sem bekkjatenglar á öllum stöðvum.

Foreldrar hafa einnig komið að innra mati skólans og tekið þátt í að meta árangur skólans. Fyrsti þáttur matsins var gæðagreinir 2 sem felur í sér hvernig tekst til í að efla foreldra og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi.

Jákvæð og góð þátttaka foreldra var í matinu.

Nemendur hafa einnig komið að því að meta og þeirra þáttur var að meta námsreynslu nemenda. Unnið hefur verið úr þessum könnunum og nú mun verða sest yfir það hvernig skólinn getur bætt sig í því sem þarf að gera betur og viðhaldið því sem vel er gert.

Gert var grein fyrir útkomu skólans í samræmdum prófum. Kennarar hafa þegar sest yfir niðurstöður og munu gera áætlun um að bæta þá þætti sem þarf.

Önnur mál.

- Lagt var fyrir að breyta dagsetningu á foreldraviðtölum. Þau verði fimmtudaginn 12.janúar í stað 7.febrúar og að 19.desember yrði tvöfaldur kennslu dagur. Jólafri verður því frá og með kvöldi 19.des. Allir fulltrúar sammála þessum breytingum.
- Ingibjörg Inga gerði grein fyrir vinnu við fjárhagsáætlunargerð og þeirri staðreynd að enn þyrfti að skerða fjármagn til skólans að einhverju leyti. Hugmyndir eru um að skerða þann tíma sem yngri nemendur hafa verið í kennslu til að hægt sé að vera með eina heimferð með skólabílum.
Þessi hugmynd fellur ekki í góðan jarðveg fulltrúa í skólaráði. Því verður komið til fræðslufirvalda.
- Þórhildur Ýr vill koma því á framfæri að skólinn nýti aðstoð bekkjatengla/foreldra við að hjálpa til, ef þess þarf, til að styrkja bekkjaranda. Oft komi upp vandamál innan bekkja sem foreldrar geti hjálpað til við að leysa. Hún vill að foreldrar styðji kennara þar sem þeir hafi mörg verkefni á sinni könnu.

Hún bendir einnig á að í fyrra hafi komið ábending frá nemendafulltrúa að gleyma því ekki að unglingarnir hafi líka gaman af jólaföndri.

- Margrét Guðmundsdóttir foreldrafulltrúi ítrekaði ósk sína um að skólinn tæki upp fræðslu um fjármál. Hún benti á bók sem heitir „**Hvað kosta ég**“ sem fæst í Hagkaup og er mjög góð til að nota í kennslu á þessu sviði. Með þessu mætti t.d. samþætta stærðfræði og lífsleikni.
- Þorsteinn Bjarki Pétursson nemendafulltrúi telur að skólastarfið gangi bara vel hjá nemendum.

Fundargerð ritaði Ingibjörg Inga